

í ákveðinn tíma, sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Um málskostnað fyrir undirdómi og ómerking hinna meiðandi ummæla skal undirréttardómnum óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hann hinum stefnda með 15 kr., eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi hins stefnda, og þar á meðal 12 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda við yfirdóminn, málaflutningsmanns Þorsteins Jónssonar.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desbrmán.

Nr. 26/1881.

Réttvísín  
gegn

Jónasi Jónssyni.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verður lagður á þetta mál, er nauðsynlegt að útvegaðar verði þær ítarlegri skýrslur, er hér segir:

1. skýrsla hins ákærða um kindur þær, sem hann segist hafa stolið haustið 1879 í Barnaborgarhrauni með marki prestsins síra Snorra Norðsfjörðs, um einkenni og lit á þeim, og sérstaklega um, hvort þær muni hafa verið markaðar upp úr öðru marki; einnig skýrsla frá nefndum presti fyrir rétti um einkenni og lit á kindum þeim með sínu marki, sem hann hafi mist nefnt haust, loks nákvæmari skýrslu frá Gísla bónda Magnússyni á Hraunsmúla um kindarkroppa þá, sem hann fekk hjá hinum ákærða;
2. skýrsla hins ákærða um einkenni og lit á þeim 2 kindum, sem hann segist hafa stolið sama haust úr

Brúarhraunsfénu, aðra með höfuðsótt og marki stýft hægra og biti attan vinstra, hina með marki Sigurðar bónda Bárðarsonar á Jörfa; sömuleiðis skýrsla nefnds bónda, sumpart um kindur, er hann hafi mist það haust, sumpart um kindarkroppa þá, sem hinn ákærði kveðst hafa afhent honum sama haust; loks ber að rannsaka, hver eigi mark það, sem hinn ákærði hefir lýst á höfuðsóttar kindinni, og ef eigandi marksins spyrst upp, þá að fá skýrslu hans viðvikjandi kindinni;

3. skýrsla Benedikts bónda Björnssonar á Brúarhrauni um atvik þau, er eftir framburði hins ákærða áttu að vera samfara þjófnaði hans á kindarkroppi og 5 pundum ullar frá nefndum bónda; sömuleiðis skýrsla Magnúsar Guðmundssonar á Haukatungu um kindarkropp þann, er hinn ákærði kveðst hafa afhent honum; loks skýrsla Sigurðar Jósephssonar viðvikjandi ull þeirri, er hinn ákærði segir hann hafa selt fyrir sig.
4. skýrsla nefnds Benedikts Björnssonar, hlutaðeigandi sóknarprests, og, ef á þarf að halda, annara áreiðanlegra manna um sálarástand hins ákærða og sakhæfi;
5. loks ber undirdómaranum að útvega þær nákvæmari skýringar, sem skýrslur þær, er nefndar eru hér að framan, kunna að gefa tilefni til, sérstaklega ber undirdómaranum að bera undir hinn ákærða, hvort hann geri sig ánægðan með virðingu þá, sem lögð hefir verið á hina stolnu muni.

#### Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega þær ítarlegri skýrslur, sem taldar eru að framan, svo fljótt sem verða má.